

**HRAFNISTA**

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.01.19
Málalykill	
Mál nr.	

Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabær, 17. janúar 2019.

Aukin samvinna í húsnæði Ísafoldar?

Gleðilegt ár!

Kærar þakkir fyrir ánægjulega og árangursríka samvinnu á liðnum árum.

Við á Hrafnistu vonum að þú og Garðbæingar allir komi vel undan hátíðum!

Þann 1. febrúar 2017 tók Hrafnista við rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar samkvæmt samningi við Garðabæ þar um. Hefur samstarfið gengið mjög vel þennan tíma og við á Hrafnistu lýsum yfir mikilli ánægju með hvernig til hefur tekist.

Fyrir nokkru var okkur kynnt af fulltrúum Garðabæjar að á vordögum yrðu töluverðar breytingar á stjórnunarmálum í öldrunarþjónustu Garðabæjar þegar tveir lykilstjórnendur tengdir starfseminni í húsnæði Ísafoldar láta af störfum.

Vegna þess langar Hrafnistu að velta upp þeirri hugmynd við Garðabæ, hvort áhugi væri að auka samstarfið milli Garðabæjar og Hrafnistu með því að skoða hvort hagstætt væri að Hrafnista tæki að sér rekstur dagdvalar sem Garðabær starfrækir nú í Ísafoldarhúsinu. Markmið slíkra breytinga væri annars vegar að reyna að fá fram aukna samnýtingu og samþættingu í húsinu sem væri bæði gestum dagdvalarinnar og íbúum hjúkrunarheimilsins til góða með aukinni þjónustu. Hins vegar væri slíkt samstarf fallið til þess að draga úr árlegu rekstrartapi Garðabæjar vegna starfseminnar.

Rétt er að geta þess að Hrafnista hefur langa og víðtæka reynslu af rekstri og starfsemi dagdvala. Í dag er Hrafnista stærsti rekstraraðili dagdvala hér á landi. Við starfrækjum tvær almennar dagdvalir (samtals 56 rými) og eina sérhæfða dagdvöl með endurhæfingu (30 rými). Í vor munum við svo opna á Hrafnistu í Laugarási nýja dagdvöl með 30 rýmum sem sérhæfð eru fyrir einstaklinga með heilabilun.

Með erindi þessu óskar Hrafnista eftir að kanna hvort Garðabær hafi áhuga á viðræðum af þessu tagi.

Virðingarfyllst,

Pétur Magnússon
Forstjóri
Hrafnistuheimilanna

